

Grunur um einelti.



Ef grunur kemur upp um einelti er það tilkynnt til þjálfara/starfsmanna félagsins, í framhaldinu er tilkynningareyðublað fyllt út og undirritað. Þjálfarar/starfsmenn hafa samband við viðbragðshóp sem skipaður er af aðalstjórn félagsins.

## Ferill eineltismála.

- 1) Grunur leikur á um einelti.
- 2) Tilkynnt til viðbragðshóps vegna eineltismála.
- 3) Viðbrögð
  - a) Rannsókn
    - i) Viðbragðshópur/þjálfari ræðir við þolanda, farið yfir hans upplifun og lýsingu á atvikum. Kannað hverjir hafa orðið vitni af þessum atvikum að mati þolanda.
    - ii) Rætt við meintan geranda, farið yfir hans upplifun og lýsingu á atvikum. Kannað hverjir hafi orðið vitni af af þessum atvikum að mati geranda.
    - iii) Rætt við meint „vitni“ að atvikum, aflað upplýsinga um þeirra upplifun af atvikum, atvikalýsingu og hverjir hafi verið viðstaddir.
    - iv) Fylgst náið með samskiptum.
  - b) Mat
    - i) Farið yfir mat á því hvað hafi átt sér stað.
    - ii) Út frá rannsókn er metið hvort atvikið geti talist einelti skv. skilgreiningu eineltis, sjá að ofan.
  - c) Aðgerðir
    - i) Ef ekki er talið að um einelti sé að ræða þá er mikilvægt að vinna með samskipti og félagslega þætti.
    - ii) Ef um einelti er að ræða þá er tafarlaust tekið viðtal við geranda þar sem þess er krafist að hann láti af hegðunni tafarlaust.
    - iii) Stuðningur við þolanda eineltis, hann upplýstur um að búið sé að ræða við geranda og fylgst verði náið með samskiptum.
    - iv) Aukið eftirlit.
    - v) Eftirfylgni með stöðuviðtölum við þolanda og geranda.
    - vi) Ef gerandi lætur ekki af hegðuninni eru afleiðingar metnar. Ef um iðkanda undir 18 ára aldri er að ræða er haft samband við foreldra/forráðamenn. Afleiðingar eru metnar í hverju tilviki fyrir sig en þær geta t.d. verið tímabundið æfinga- eða keppnisbann.

Þjálfarar skulu sérstaklega gæta þess að tryggja viðhlítandi aga og koma í veg fyrir einelti. Þjálfarar í samráði við yfirþjálfara reyna að koma í veg fyrir alla þá þætti sem dregið geta úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum. Þjálfari er hvattur til að ræða málin við iðkanda ásamt yfirþjálfara. Þjálfari og yfirþjálfari eru hvattir til að bregðast við aðstæðum sem þeir telja alvarlegar. Ef foreldrar/forráðamenn verða varir við einelti utan æfinga sem gæti haft áhrif á eða teygt sig þar inn eru þeir hvattir til að láta þjálfara vita til að þeir átti sig fyrir á því

sem gæti verið að gerast og til að hægt sé koma í veg fyrir eða að taka strax á einelti ef það kemur upp.